

menning

Herm þú mér

MYNDLIST


Listasafn Reykjavíkur,
Hafnarhús

D1- Birta Guðjónsdóttir,

**Til 18. mars. Ópið daglega 10–17.
Aðgangur fullorðinna 500 kr., 250 kr.
eldri borgarar og öryrkjar, börn yngri en
18 ókeypis. Miðinn gildir á Kjarvalsstaði
og í Ásmundarsafni í 3 daga. Ókeypis að-
gangur á fimmtudögum.**

BIRTA Guðjónsdóttir ríður á vaðið í nýrri sýningarröð Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi kölluð D-sýningarröðin. Hún hefur komið að myndlistinni í fleiri en einni mynd, rekið sýningarrýmið Gallerí dverg um nokkurt skeið og í leikhúsvinnu og sýndi í Gallerí suðuðvestri ekki fyrir löngu. Viðfangsefni Birtu á sýningunni í Hafnarhúsi er sjálfmyndin í nokkuð víðum skilningi, í takt við samtímann er sviðsetning stór þáttur sýningarinnar. Sjálfmyndin er auðvitað klassískt fyrirbæri, flestir listamenn, a.m.k. figúrtafírlar málara, hafa reynt við sjálfmyndina. Margir þekkja myndir eins og teikningu Leonardos af sér í ellinni, eða sjálfmyndir van Gogh. Myndir Fridu Kahlo sem málaði sjálfa sig ítrekað eru einnig mjög konnar. Hér á landi er það kannski Louisa Matthíasdóttir sem hvað gagngerast hefur skrásett sjálfmynd sína á léreftið. Þetta er spennandi hefð og forvitnilegt að sjá hvernig samtímalistakona af yngri kynslóðinni tekst á við efnið.

Nálgun Birtu er þó opnari en í þeim dæmum sem talin eru upp hér að framan. Það má kannski segja að Birta vinni í anda Velazquez þegar hann málaði Las Meninas árið 1656. Michel Foucault skrifaði innblásinn kafla um málverkið í bók sína *Les Mots et les Choses* á sjöunda áratugnum. Þar fjallar hann um viðfangsefnið og áhorfandann, hvernig áhorfandinn er dreginn inn í málverkið og hvernig myndin sem Velazquez er að mála á málverkinu sést



Morgunblaðið/Sverrir

Speglun Viðfangsefni sýningarinnar er sjálfmyndin í víðum skilningi.

ekki, heldur bakhlíð hennar. Speglar, gler og linsur hafa eðlilega lengi verið hluti af listasögunni og líkt og í innsetningu Birtu leikur spegill stórt hlutverk í málverki Velazques, en myndefni málara í málverkinu, konungshjónin, speglast þar. Einn frægasti spegill sem birst hefur í málverki er líklega frá fimmtánda öld í málverki Jans van Eyck af brúðkaupi Arnolfini-hjónanna. Þar sjáum við íhvolfan spegil á veggnum fyrir aftan brúðhjónin og í honum má sjá málara sjálfan og vitni að brúðkaupinu. Annað fyrirbæri í málverki sem tengist speglun eða öllu heldur sjónrænni brenglun gegnum gler er sporöskjulega Claude-glerið sem var vinsælt á 18. öld, en þegar horft var í gegnum það birtist náttúran líkt og á málverki eftir Claude.

Innsetning Birtu leitast við að skapa rými þar sem áhorfandinn sér sjálfmynd listakonunnar en um leið sjálfan sig sjá hana, í tíma og rúmi, speglar og speglun leika þar stóran þátt. Silfurlitað efni sem minnir á sýningartjald þekur endavegg og í því birtist spegilmýnd áhorfandans óljóst eins og skuggi. Ljósmyndir af Birtu sýna leik með frýstingu tímans

þar sem yfirborð vatns í glasi hallar upp á ská, myndin er tekin í miðri handarsveiflu, sama má segja um aðra mynd þar sem platkristall í bandi stígur upp líkt og um prik væri að ræða. Myndbönd sýna vatnsyfirborð hækka hægt í glasi og platkristal snúast hægt. Þriðja ljósmyndin sýnir hinar tvær eins og þær hanga í salnum en súlan hylur aðra þeirra eins og í leik í anda Velazquez. Loks er myndband á vegg sem sýnir listakonuna í endalausri nálgun en án snertingar við eigin spegilmýnd, hugsanleg athugasemd við sjálfhverfu og sjálfstýrkun.

Í innsetningu sinni tekst Birta á við rýmið, hlutverk áhorfandans og þemað sjálfmynd á máta sem endurspeglar strauma og stefnur í samtímalistum auk þess að innihalda vísanir í listasöguna. Hún dansar á mörkum þess að myndskreyta hugmyndir en verk eins og myndbandið af glasinu með hækkanði vatnsyfirborði ná að stíga yfir þröskuldinn og skapa innri tíma og heim sem dregur áhorfandann til sín og heillar hann.

Ragna Sigurðardóttir

Frumsýning | Letters From Iwo Jima



Hershöfðinginn Ken Watanabe fer með hlutverk Tadamichi Kuribayashi í Letters From Iwo Jima.

Baráttan um Iwo Jima

MÖRGUM kvikmyndaleikstjórur þykir eflaust nóg að ráðast í gerð stórmyndar um atburði í síðari heimsstyrjöldinni. Clint Eastwood lét sér hinsvegar ekki muna um að hrista tvær slíkar framúr erminni á sama árinu. Í fyrra var *Flags of our Fathers* frumsýnd og í dag fá Íslendingar að sjá framhaldið, *Letters From Iwo Jima*. Framhald er kannski ekki réttta orðið en myndirnar eru þó tengdar. Í þeirri síðarnefndu er fjallað um baráttu Japana við Bandaríkjamenn um eyjuna Iwo Jima, sem

skildi að Japan og herflota Bandaríkjamanna.

Letters From Iwo Jima er sögð frá sjónarhóli Japananna og er á japönsku. Myndin hefur fengið mjög góða dóma víðast hvar og var meðal annars valin besta erlenda myndin á nýafstaðinni Golden Globe-verðlaunahátíð.

Myndin er einnig tilnefnd sem besta myndin á Óskarsverðlaunahátíðinni, sem fram fer 25. febrúar, auk þess sem Eastwood er tilnefndur sem besti leikstjórinn.

Með aðalhlutverk fer Ken Watanabe (*The Last Samurai, Memoirs of a Geisha*).

Letters From Iwo Jima verður frumsýnd í dag í Sam-bíónum.

Erlendir dómur:
Metacritic: 89/100
New York Times: 100/100
Premiere: 100/100
Hollywood Reporter: 90/100
Variety: 90/100
Allt skv. Metacritic.com

ÓPERUDAGAR Í EVRÓPU

16.-18. FEBRÚAR 2007

FJÖLBREYTT DAGSKRÁ
Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI

FÖSTUDAGUR 16. FEBRÚAR

Hlaupanótan – Bein útsending frá ÍÓ á Rás 1 Kl. 16.13
Flagari í Framsókn – 3. sýning. Bein útsending á Rás 1 Kl. 20.00

LAUGARDAGUR 17. FEBRÚAR

Óperusöngur í Sundhöll Reykjavíkur Kl. 11.30
Opin æfing á óperunni *Suor Angelica* eftir Puccini. Kl. 11.00
Skoðunarferð með leiðsögn um Íslensku óperuna Kl. 13.00
Markaður – Sala á munum úr geymslu Óperunnar Kl. 12.00
Afmælistónleikar Árnesingakórsins Kl. 17.00

SUNNUDAGUR 18. FEBRÚAR

Skoðunarferð með leiðsögn um Íslensku óperuna Kl. 13.00
Markaður – Sala á munum úr geymslu Óperunnar Kl. 12.00
Raddir framtíðarinnar – Tónleikar ungra óperusöngvara. Kl. 15.00
Flagari í Framsókn – 4. sýning Kl. 20.00

OPERA
EUROPEAN OPERA DAYS
WWW.OPERADAYS.EU



ÍSLENSKA ÓPERAN
OPERA@OPERA.IS
OPERA.IS



– fyrir íslenska verslun

Aðalfundur

Gullteigur, Grand Hótel,
í dag föstudaginn 16. febrúar 2007, kl. 13:00

13:00 Hádegisverður í Gullteig B, Grand Hótel
Porsteinn J. flytur erindi sitt:
Frumkvæði!

SKRÁNING

14:15 Skráning við Gullteig A, Grand Hótel

FUNDARSETNING

14:30 Ræða formanns FÍS
Pétur Björnsson

RÆÐUMENN

14:50 Ávarp: Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra

15:00 Finn Mortensen aðalritstjóri viðskiptablaðs Berlingske Tidende
„The Emperor's New Clothes?“

15:20 Berglind Ásgeirsdóttir sendiherra
Hvernig gagnast fríverslunarsamningar?

Umræður og fyrirspurnir

Kaffihlé

16:15 ALMENN AÐALFUNDARSTÖRF

Vinsamlega tilkynnið þátttöku í síma 588 8910
eða á netfang: linda@fis.is



Fréttir á SMS
mbl.is